

# Jafnréttis- og jafnlaunastefna ISAL

Stefna Rio Tinto á Íslandi (ISAL) er að skapa eftirsóknarverðan vinnustað þar sem fjölbreytileiki og jafnrétti er haft að leiðarljósi. Stefnan stuðlar að jafnrétti kynja þar með talið að greidd séu sambærileg laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Markmið jafnréttis- og jafnlaunastefnu ISAL er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum starfsfólks þannig að reynsla, þekking og hæfileikar þeirra nýtist sem best. Við fylgjum í einu og öllu lögum, reglum og kjarasamningum um jafnrétti og kjör starfsfólks.

Stefna þessi nær til og er kynnt öllu starfsfólki. Í jafnréttisáætlun koma fram aðgerðir sem stuðla að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum.



## LAUNAJAFNRÉTTI

Greidd eru sömu laun og kjör fyrir jafnverðmæt störf að teknu tilliti til persónubundinna þátta þannig að enginn óútskýrður launamunur sé til staðar.



## LAUS STÖRF

Við fögnum fjölbreytileika og laus störf skulu standa-öllum kynjum til boða. Jafnréttissjónarmið eru metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið við ráðningar í laus störf.



## STARFSÞJÁLFUN, ENDURMENNTUN OG SÍMENNTUN

Starfsfólk skal njóta sömu möguleika til starfsþjálfunar, endurmenntunar og símenntunar til að auka þekkingu og hæfni vegna faglegrar þróunar.



## SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS

Leitast skal við að skapa starfsfólki aðstæður til að samræma kröfur starfs og fjölskylduábyrgðar.



## EINELTI, KYNBYNDIÐ OG KYNFERÐILEG ÁREITNI OG OFBELDI

Einelti, kynbundið og kynferðisleg áreitni og ofbeldi er undir engum kringumstæðum umborið á vinnustaðnum.

UMHYGGJA

HUGREKKI

FRAMSÆKNI



Rannveig Rist, forstjóri 28. apríl 2022